

# STJÓRNARTÍÐINDI B 168 – 2004

Nr. 1104

2853

31. desember 2004

## BÆJANÖFN O.FL.

Árið 2004 tók örnefnanefnd – samkvæmt lögum um bæjanöfn o.fl., nr. 35/1953, með síðari breytingum – við tilkynningum um eftirgreind nöfn býla og sendi nöfnin hlutaðeigandi þinglýsingarstjórum til þinglýsingar:

Goðatún. Úr landi Reykjavalla í Bláskógabyggð.

Nesbakki. Úr landi Heiðar í Rangárþingi ytra.

Tröð. Úr landi Gerða í Rangárþingi eystra.

Ásbrekka. Úr landi Burstabrekku í Ólafsfirði.

Lyngbær. Úr landi Þórisstaða í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Blesastaðir II A. Úr landi Blesastaða II í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Flugumýri I. Úr landi Flugumýrar í Akrahreppi.

Ásbrú. Úr landi Áss I í Ásahreppi.

Mörk. Úr landi Kílhrauns í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Reiðholt. Úr landi Meiri-Tungu í Rangárþingi ytra.

Ásamýri. Úr landi Austurkots í Sveitarfélaginu Árborg.

Kerhólar. Úr landi Skrauthóla á Kjalarnesi.

Heklumörk. Úr landi Svínhaga í Rangárþingi ytra.

Árið 2004 fjallaði örnefnanefnd enn fremur um og féllst á beiðni um eftirgreindar breytingar á nöfnum býla og sendi hin nýju nöfn hlutaðeigandi þinglýsingarstjórum, samkvæmt lögum um bæjanöfn o.fl., nr. 35/1953, með síðari breytingum:

Árnanes V. Áður Árnanes III í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Miðhjáleiga. Áður Voðmúlastaðamiðhjáleiga í Rangárþingi eystra.

*Örnefnanefnd, 31. desember 2004.*

**Ari Páll Kristinsson.**

B-deild – Útgáfud.: 25. janúar 2007